43. **Hallgrímr Melsteð*, úr Reykjavík.
44. **Óli Th. Schulesen*, úr Reykjavík (1/2).
45. *Guðni Guðmundsson*, frá Mýrum við Dýrafjörð (1/2/.
46. **Ólafr Ólafsson*, úr Reykjavík.
47. *Indriði Einarsson*, frá Krossanesi í Skagafirði (1/2).
48. *Sveinn Eiríksson*, fra Hlíð í Skaptártungu (1/2).
49. *Páll Vigfússon*, frá Ási í Fellum (1/2).
50. *Brynjólfur Gunnarsson*, frá Kirkjuvogi í Gullbringusýslu (1/2).

2. *bekkur.*

51. *Tómas Hallgrímsson*, frá Steinsstöðum í Eyjafjarðarsýslu (1/2)[1].
52. *Sófonías Halldórsson*, frá Brekku í Svarfaðardal, umsjónarmaðr í bekknum (1).
53. *Magnús Andrjesson*, frá Urriðafossi í Árnessýslu (1).
54. *Hans Jóhann Þorkelsson*, frá Víðirkeri í Þingeyarsýslu (1).
55. *Jóhann D. Meilby*, sonr Meilbys heitins, verzlunarstjóra á Vopnafirði, nýsveinn (1/2).
56. *Guðmundr Helgason*, frá Birtingaholti í Árnessýslu (1/2).
57. **Björn Jensson*, sonr yfirkennara Jens Sigurðssonar í Rvík; nýsveinn.
58. **Sigurðr Jensson*, úr Reykjavík.
59. **Stefán Jónsson*, úr Reykjavík (1/2).
60. **Theódór Fr. Ólafsson*, úr Reykjavík.
61. *Helgi Magnússon*, frá Kirkjubæ í Norðr-Múlasýslu (1/2).
62. *Guðmundr Guðmundsson*, sonr G. prests Jónssonar á Stóruvöllum í Rangarvallas., nýsveinn.
63. **Ólafr R. Ólafsson*, úr Reykjavík (1/2).
64. *Páll Pálsson*, úr Reykjavík (1/2).
65. **Einar Einarsson*, úr Reykjavík.

1. *bekkr.*

66. *Jónas Bjarnarson*, frá Hóli í Lundareykjadal (1/2).
67. *Hermann Hjálmarsson*, sonr hreppst. H. Hermannssonar á Brekku í Mjóafirði í Suðr-Múlasýslu, nýsveinn.
68. *Janus Jónsson*, frá Melgraseyri í Ísafjarðarsýslu (1/2).
69. *Ásmundr Sveinsson*, sonr Sv. Snæbjarnarsonar á Húsavík í Norðr-Múlasýslu, nýsveinn.
70. *Einar Pálsson*, frá Völlum í Svarfaðardal, umsjónarmaðr í bekknum (1/2).

1) Piltr þessi gat sökum veikinda eigi komið í skólann með öðrum piltum í haust, og kom fyrst nú með pósti.

71. *Sigurðr Gíslason Thórarensen*, frá Felli í Skaptafellssýslu.
72. **Skapti Jónsson*, úr Reykjavík (1/2).
73. **Jón Bjarnason*, úr Reykjavík.
74. *Benidikt Sveinsson*, sonr hreppst. S. Sigurðssonar á Brekkuborg í Mjóafirði í Suðr-Múlasýslu, nýsveinn.
75. *Þorsteinn Stefánsson*, frá Viðvík í Skagafirði (1/2).
76. **Þorsteinn Thórarensen*, sonr hjeraðslæknis Skúla Thórarensens á Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu; nýsveinn.
77. *Þorvaldur Arason*, frá Flugumýri (1/2).
78. **Franz Siemsen*, sonr kaupræðismanns E. Siemsens í Reykjavík; nýsveinn.
79. **Jón Þorsteinsson*, sonr Kanselíráðs Þ. Jónssonar á Eyrarbakka; nýsveinn.
80. *Eyólfr Einar Jóhannsson*, bónda Eyjólfssonar á Flatey í Barðastrandarsýslu; nýsveinn.
81. **Óli Möller*, sonr verzlunarmanns Chr. Möllers í Reykjavík; nýsveinn.
82. *Þorvaldr Jónsson*, sonr J. sál. Thoroddsens sýslumanns á Leirá; nýsveinn.
83. **Stefán Stephensen*, sonr verzlunarstjóra Þorvaldar Stephensens í Reykjavík; nýsveinn.
84. *Gestur Pálsson*, sonr P. bónda Ingimundarsonar á Mýratungu í Barðastrandasýslu; nýsveinn.
85. *Þorsteinn Benidiktsson*, sonr B. E. prests Eggertssonar Gudmundsens á Vatnsfirði í Ísafjarðarsýslu; nýsveinn.
86. *Hákon Magnússon*, sonr sjera M. prests Hákonarsonar á Stað í Steingrímsfirði; nýsveinn.

---

Kornaðflutningarnir hingað með þessari gufuskipsferð voru samtals um 3000 tunnur, að meðtöldum smávegis korn- og mèlpöntunum einstakra manna. Stjórnar- eðr lánskorn kom nú 450 tunnur, og er látið sveitunum til láns á 9 rd. 5 mrk? hver tunna (eins og var). Allir aðalkaupmenn vorir bæði hèr, í Hafnarfirði og Keflavík fengu nokkurn skerf, en lítið eitt mun það hafa verið til sumra þeirra (vèr höfum heyrt nefndar 20 tunnur); aptr sendi kaupmaðr W. Fischer 400 tunnur allskonar matvöru til sinnar verzlunar einnar hèr í Rvík; menn sögðu fyrst og segja máske enn, að Svb. Jacobsen hafi nú sent um 400 tunnur, en mun þó miklu skakka að satt sè, því þeir sem kunnugir þykjast, segja, að nú hafi komið 240 tunnur til hans verzlunar, og munu kornlof-